

eru kerfisbundið 17,5 m eða breiðari þ.e. við hús 16, 20-26, 27-35 (hefur ekki áhrif á hámarksstærðir í skilmálum). Lóðamörk á milli Löngulínu 28-32 og 34 eru lagfærð, stærð lóðanna breytist ekki.

Við ofangreinda endurskoðun hafa verið unnir nýir uppdrættir af svæðinu öllu og ný útgáfa skipulagsskilmála ásamt fylgiriti og skýringarmyndum. Eldri skipulagsgögn falla úr gildi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi við Hegranes 32.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi að Hegranesi 32 í Garðabæ.

Í breytingunni felst að byggingarreitur sem skilgreindur er á mælibleði er stækkaður að hluta til norðurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Oafngreindar skipulagsáætlanir öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 31. mars 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

1. apríl 2004

Nr. 304

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaáviðun (ordination) skal miðast við mest 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á lyf í eftirtöldum ATC-flokki (lækningaflokkum; Anatomical - Therapeutical - Chemical Classification) en þá miðast greiðslan við mest 30 daga notkun:

Veirulyf	<u>ATC-flokkur</u>
	J 05 A B

2. gr.

Eftirfarandi bætist í stafrófsröð við upptalningu í 1. mgr. 7. gr.:

M 01 AH	Coxib
N 06 B	Örvandi lyf (psychostimulantia) og lyf sem efla heilastarfsemi (nootropics)

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr.

a. Nýr málslíður bætist við 2. tl.:

Þessi heimild nær einnig til vítamína vegna barna yngri en 18 ára með efnaskiptasjúk-

dóma þegar þau eru hluti af lífsnauðsynlegri meðferð og barna yngri en 18 ára með alvarlegan frásogsvanda sem leiðir til þess að þau þurfi mjög aukið magn vítamína.

b. Við bætist nýr töluliður sem verður 4. tl.:

Þegar sjúklingur af brýnum læknisfræðilegum ástæðum s.s. alvarlegum aukaverkunum getur ekki notað það lyf sem greiðsluþátttaka almannatrygginga miðast við, sbr. 2. mgr. 3. gr. Er þá heimilt að miða greiðsluþátttöku við hámarksverð viðkomandi lyfs.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c-lið 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, öðlast gildi 1. maí 2004.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. apríl 2004.

Jón Kristjánsson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Kanada vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að ekki hafa borist neinar upplýsingar um upprætingu á hæsnapest í Kanada, en hæsnapest er skæður fuglasjúkdómur sem dreifst getur með milliríkjaviðskiptum, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Kanada.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 17. febrúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 30. apríl 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. apríl 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.